

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUBUNNS

“Lentir þú í árekstri”

Láttu okkur þá laga bílinn.
Frí Tjónaskoðun.



FIMM STJÖRNU GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi

554 2510

www.bilasprautun.is



Laxaolía

Styður við heilbrigða
húð og feld

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

21. tbl. 30. árg. Fimmtudagur 15. ágúst 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS

KOMINNTÍMI
SKOÐUN?

Verið velkomin
með bílinn í
skoðun á
Dalveg 22

Lyfjaval
HEILSA & HANGLJA

Bílaapótek Lyfjaval
Hæðasmára

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR

Darri Örn
löggtur fasteignasali
Sími 767-0000

Bæjarlind 14-16
www.errea.is

Í KÓPA
VOGI

Koma Blikastúlkur heim með Mjólkurbikarinn?



Breiðablik er fjórða árið í röð í bikarúrslitum, en þær unnu bikarinn síðast árið 2021

Kvennalið Breiðabliks tekur þátt í sínum fjórða bikarúrslitaleik á síðustu fjórum árum er liðið mætir Íslandsmeisturum Vals á Laugardalsvelli á morgun, föstudaginn 16. ágúst, kl. 19:15.

Breiðablik varð síðast bikarmeistari árið 2021 og það verður væntanlega vel tekið á því á morgun enda tvö bestu lið landsins að mætast, en auk þess að eigast við í bikarúrslitunum þá eru liðin í mikilli baráttu í Bestu-deildinni þar sem aðeins eitt stig skilur þau að.

Geta orðið sigursælasta bikarliðið Breiðablik er næst sigursælasta liðið í Mjólkurbikarunum, en það hefur hampað titlinum 13 sinnum. Blikastúlkur geta með sigri á morgun orðið sigursælasta lið bikarkeppninnar ásamt Val, en bæði liðin hafa þá lyft bikarunum fjórtán sinnum.

Nú er bara um að gera fyrir stuðningsfólk Breiðabliks og aðra Kópavogsbúa að mæta á völlinn og styðja við bakið á stelpunum. (Sjá nánar um bikarleikinn á bls. 10).

12kr.
AFSLÁTTUR
MEÐ ORKULYKLI

Afsláttur gildir ekki á völdum stöðvum þar sem lægsta verð Orkunnar er í gildi. Kyntu þér staðsetningarnar á Orkan.is
Þar gildir okkar lægsta verð, alltaf.

orkan.is

HAFÍÐ
FISKURSEIN
Grillvörur Hafsins eru
komnar í verslanir okkar

Nettó Engihjalla

Opið alla daga 8-24



nettó

30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

358 íbúðir í byggingu eða í byggingaráformi í Kópavogi



Framkvæmdir við Bakkabraut

Alls eru nú 7.222 íbúðir í byggingu um land allt og fjölga þeim um tæplega 200 frá síðasta mánuði. Líkt og undanfarna mánuði eru um 60 prósent af íbúðum í byggingu staðsett á höfuðborgarsvæðinu og um fjórðungur í sveitarfélögum í nágr-enni þess. Þetta kemur fram í mælaborði íbúða í byggingu, sem finna má á heimasíðu HMS.

Í Kópavogi eru samtals 358 íbúðir í byggingu og byggingaráformi, 193 þeirra er lokið eða verða teknar í notkun á þessu ári. Mælaborð fyrir íbúðir í byggingu birtir samantekin gögn og tölningar fyrir íbúðarhúsnæði úr Mannvirkjaskrá HMS. Í mælaborðinu eru birtar upplýsingar um íbúðir í byggingu, byggingaráform og fullbúnar íbúðir, eftir tegund húsnæðis, stærðarflokkun og framvindu.

Rósaskoðunarganga í Kópavogi

Rósir skarta sínu fegursta í ágúst

Á þessum tíma árs skarta rósir nú sínu fegursta. Í tilefni þess var rósaskoðunarganga í Trjásafninu í Meltungu sl. fimmtudag. Gangan var skipulögð í samstarfi við Rósaklúbb Garðyrkjufélags Íslands en Vilhjálmur Lúðvíksson og Friðrik Baldursson voru með kynningu á garðinum.

Rósagarðurinn er einn þeirra garða sem tilheyrir trjásafninu í Meltungu sem má finna austarlega í Fossvogsdal. Garðurinn er samstarfsverkefni Kópavogsbæjar og Garðyrkjufélags Íslands og var gerður árið 2016 en samanstóð þá einungis af nórrænu rósaryrki.

Á árunum 2018 - 2019 var síðan haldið áfram með gerð tveggja nýrra rósagarða í tengslum við norræna garðinn; annan með kanadískum rósrum sem reynst hafa vel hér á landi og hinn með rósrum af blönduðum uppruna sem virðast geta þrífist vel í íslensku loftslagi.



Friðrik Baldursson var annar tveggja sem var með kynningu



Rósaskoðunargangan var vel sótt af bæði félögum Rósaklúbbs Garðyrkjufélags Íslands og Kópavogsbúum og fróðlegt var að hlýða á kynningu Friðriks og Vilhjálmur á meðan rósalmur fyllti vitin.



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímann 897 2468	Hálfmán 898 5765	Ólöf 898 3075	Kristín 699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is

Mikilvægt að hafa skrúfað fyrir krana til að koma í veg fyrir slys og tjón

• Heitavatslaust í Kópavogi 19.-21. ágúst

Heitavatslaust á verður í Kópavogi og á stóru svæði á höfuðborgarsvæðinu 19.-21. ágúst.

Vegna tengingar á nýrri flutningsæð hitaveitu verður lokað fyrir heita vatnið í öllum Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Álftanesi, Breiðholti og Norðlingaholti. Framkvæmdir er fyrsti hluti af lagningu Suðræðar 2.


Mikilvægt er að íbúar hafi skrúfað fyrir krana til að koma í veg fyrir slys og tjón þegar vatnið kemur á aftur.

Húseigendum er bent á að huga að sínum innanhúskerfum. Gott er að hafa gluggana lokaða á þessum tíma til að halda varmanum inni.

Þegar vatni er hleypt aftur á viðamikili lagna kerfi eftir lokun er eðlilegt að lekar geti komið upp. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að tilkynna það svo hægt sé að bregðast við sem fyrst.

Nokkrar algengar spurningar og svör varðandi lokunina frá Veitum.

Þarf endilega að taka allt vatnið af?
Við skiljum vel að það komi sér illa fyrir íbúa og fyrirtæki að vera án heits vatns en því



Kort sem sýnir umfang framkvæmda

miður verður svo að vera þegar um viðamikla viðgerð er að ræða.

Hvað gerist ef vatnið er komið á hjá mér fyrir hádegi þann 21. ágúst?

Ef heita vatnið verður komið í lag fyrir þann tíma þá mun það ekki verða tekið af aftur nema óvæntar uppkomur verði.

Hvað ef mér finnst vera lágur þrýstingur á vatninu eftir framkvæmdina?

Það getur tekið einhvern tíma að ná fullum þrýstingi aftur.

Hvað ef heita vatnið er ekki komið á kl. 12:00?

Við biðjum ykkur um að sýna því skilning og þolinmæði. Við uppfærum hér á síðunni eftir því sem fram vinnur.

Þarf að slökkva á innanhúskerfum og snjóbræðslu?

Þar sem slík kerfi eru mörg og misjöfn getum við ekki svarað þessu almennt. Best er að hafa samband við pípara eða söluaðila kerfisins til að fá leiðbeiningar.

FASTEIGNASALAN
TORG

**KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR**

Er með kaupendur að:

- Lóð í grennd við höfuðborgarsvæðið.
- Sumarbústað í Grímsnesinu.
- 2-3herb íbúð í Hafnarfirði.
- Hæð með bílskúr í Hafnarfirði.
- 2-4 herb íbúð í Garðabæ.
- 3-4 herb íbúð í Kópavogi.
- Einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu. Þarf að vera með bílskúr. Öfl oft.

FRÍTT VERDMAT.

SVAVAR FRÍÐRIKSSON
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
SVAVAR@FSTORG.IS

HRINGDU NÚNA 623-1717

SVAVARSTATION

VERKTAKAR

KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000

UPPGÖTVAÐU RAFMAGNAÐA ÞRÁ.

Mercedes-Benz býður upp á einstakt úrval rafbíla, þar sem lúxus og þægindi mæta einstökum afköstum.

Hvort sem þú ert að leita að fjölskyldubíl, sportjeppa eða lúxusjeppa, þá finnur þú það sem hentar þínum þörfum í rafmagnaðri línu Mercedes-Benz.

Komdu og reynsluaktu.



KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.

Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,
Sími: 697 4020. Vefsíða: www.kgp.is Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst út 22. ágúst

Síðasti skiladagur er föstudaginn 16. ágúst.

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstsins, www.kgp.is

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRÁUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésón
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfjörð | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is



Frí Tjónaskoðun

★ **GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI** ★

Auðbrekku 27. Kópavogi

554 2510

www.bilasprautun.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefsíða Kópavogspóstsins www.kgp.is
[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)
[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)

Markmiðið að fagna mannlífi og menningu Hamraborgar

Hamraborgarfestival haldið 29. ágúst til 5. september

Hamraborg Festival er lifandi listahátíð sem haldin er árlega í lok ágústmánaðar mitt í hjarta Kópavogs. Hátíðin fer nú fram í fjórða sinn, frá 29. ágúst til 5. september, en á dagskránni verður gríðarlegur fjöldi viðburða, sýninga og listasmíðja. Þátttakendur taka yfir verslunar- og skrifstofurými, veitingastaði, menningarhús og almennarými á Hamraborgarsvæðinu.

„Frá því að hátíðin hóf göngu sína hefur markmiðið verið að fagna mannlífi og menningu Hamraborgar, sérkennum hennar, sögu og arkitektúr, auk þess að efla tengsl við nærsamfélagið og íbúa svæðisins. Þá hefur frá upphafi verið lögð áhersla á að bjóða fjölbreyttum hópi listafólks tækifæri til að taka þátt, ekki síst með tilliti til þess að svæðið sjálft einkennist af miklum fjölbreytileika,“ segir Sveinn Snær Kristjánsson einn af forsvarsmönnum hátíðarinnar í Hamraborg.

Hamraborgarfestival á sterkt bakland

„Hamraborgin sjálf er svo rík af sköpunarkrafti, litríkri sögu og skemmtilegu mannlífi. Þess vegna skiptir það svo gríðarlegu máli að við njótum þess mikla stuðnings sem Kópavogur veitir okkur. Við eigum sterkt bakland við gerð hátíðarinnar, frábæran hóp af fólki sem vinnur með okkur á einn hátt eða annan í aðdraganda hátíðarinnar og á meðan henni stendur. Í ár höfum við til dæmis fengið dýrmæta styrki frá Kópavogsbæ, Myndlistarsjóði og Barnamenningarsjóði sem skipta sköpum, ekki aðeins fyrir okkur heldur fyrir rækt menningar og lista á svæðinu,“ segir hann.

Byrjað að deila nöfnum rúmlega 60 listamanna

Og hvernig miðar undirbúningi? „Við erum að leggja lokahönd á dagskrá hátíðarinnar um þessar mundir og erum að byrja að deila nöfnum þeirra, rúmlega



Frá Hamraborgarfestival í fyrra. Myndir tók Heiðrunu Fivelstad



60 listamanna sem taka þátt í Hamraborg Festival í ár. Við hvetjum öll til að fylgjast með á samfélagsmiðlunum instagram og facebook.”

Treflar í litum hátíðarinnar

Treflar í litum hátíðarinnar, rækilega merktir Hamraborginni litu dagsins ljós í fyrri á fyrsta sinn á hátíðinni. „Það var svo rosalega vel tekið á móti þeim að við ákváðum að endurtaka leikinn í ár. Enn eru treflarnir í litum hátíðarinnar – bleikum, svörtum og hvítum, en skarta nú nýri



hönnun sem okkur hlakkar gríðarlega til að deila með viðstöddum,“ segir Sveinn og bætir við að lokum: „Við erum gríðarlega spennt að deila með ykkur þessu gnægtahorni af myndlist, tónlist og gjörningum! Sjáumst í Hamraborginni á hátíðlegri opnun föstudaginn 30. ágúst.”

Hamraborgarfestival verður svo kynnt frekar í Kópavogspóstinum sem kemur út 22. og 29. ágúst og inn á vefsíðunni: www.kgp.is

Uppskeruhátíð sumarlesturs á Bókasafni Kópavogs

Hin árlega uppskeruhátíð Sumarlesturs verður haldin fimmtudaginn 22. ágúst kl. 17:00 á 1. hæð Bókasafns Kópavogs aðalsafni. Gunnar Helgason stuðbolti og rithöfundur mætir og les fyrir börnin og allir krakkar sem koma fá glaðning. Fimm heppnir vinningshafar verða dregnir út úr öllum happamiðum sumarsins.

Sumarlesturinn er skemmtilegt lestrarátak fyrir 5-12 ára börn. Börnin hafa heldur betur verið dugleg að lesa í sumar og hafa þátttakendur samtals lesið hátt í 3000 bækur á 11 vikum! Að meðaltali lásu

þátttakendur samtals 265 bækur á viku en lestrarmetið var slegið vikuna 10.-16. júní þegar börnin lásu samtals 390 bækur á einni viku! Dreigið hefur verið vikulega úr innsendum happamiðum og hinir heppnu fengið gjöf og mynd af sér inn á sumarlestur.is. Það hefur mátt greina gleði og stolt í svip barnanna þegar þau hafa komið að sækja verðlaunin sín og stillt sér upp fyrir framan myndavélina. Dreigið verður í síðasta skipti í Sumarlestri þriðjudaginn 20. ágúst.

Hlökkum til að sjá káta lestrarhesta á bókasafninu á uppskeruhátíðinni fimmt-



udaginn 22. ágúst kl. 17:00. Sjáumst á bókasafninu!

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



FYRIR



EFTIR

Bílsætaviðgerðir-, mótórhjóra og snjósléðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Aron Snær og Hulda Clara í GKG eru stigameistarar GSÍ mótaráðarinnar

Aron Snær Júlíusson, GKG og Hulda Clara Gestsdóttir, GKG eru stigameistarar 2024 á GSÍ mótaróðinni. Þetta er í annað sinn sem Aron Snær er stigameistari en í fyrsta sinn hjá Huldu Clöru.

Hulda Clara tók þátt á tveimur mótum á þessu tímabili og sigraði hún á þeim báðum. Hún sigraði á Íslandsmótinu í golfi

og í Hvaleyrarbikarnum sem lauk um sl. helgi. Hulda Clara fékk alls 2500 stig. Eva Kristinsdóttir, GM, varð önnur með 1923 stig og í þriðja sæti var Ragnhildur Kristinsdóttir, GR með 1750 stig.

Aron Snær tók þátt á öllum fjórum mótum tímabilsins og fékk hann alls 2456 stig. Hann sigraði á Íslandsmótinu í golfi 2024, hann varð annar í Korpubikarnum og í

9. sæti í Hvaleyrarbikarnum um sl. helgi. Á Íslandsmótinu í holukeppni varð Aron Snær í 34. sæti. Tómas Eiríksson Hjaltsted, GR, varð annar á stigalistanum með 1840 stig og Aron Emil Gunnarsson, GOS, varð þriðj með 1748 stig.

Aron Snær Júlíusson, GKG, og Hulda Clara Gestsdóttir, GKG. Mynd/seth@golf.is



Skemmtilegt tónlistarnám



Nú er opið fyrir umsóknir í eftirfarandi tónlistarnám:

- * *Gítarnám*
- * *Píanónám*
- * *Trommunám*
- * *Rafbassanám*
- * *Söngnám*

Tónsalir er rytmískur tónlistarskóli þar sem leitast er við að viðhalda gleðinni í hljóðfæranáminu.



Upplýsingar og innritun á www.tonsalir.is

Tónsalir ...BARA GAMAN...
Ögurhvarf 4A. Sími 534-3700. www.tonsalir.is

Uppskeruhátíð Skapandi Sumarstarfa

Lokahátíð Skapandi Sumarstarfa í Kópavogi fór fram í Salnum á dögnum. Í ár er 19. sumarið sem ungt listafólk starfar á vegum Kópavogsbæjar í skapandi verkefnum.

Skapandi Sumarstörf í Kópavogi veita ungu listafólki á aldrinum 20-26 ára tækifæri til að vinna að eigin listsköpun og hefur það reynt mikilvægur stökkpallur fyrir margt af efnilegasta listafólki landsins. Í sumar eru starfrækt 11 spennandi og ólík verkefni en að baki þeim standa 26 ungir listamenn úr mismunandi listgreinum.



Hátíðin var vel sótt og var þetta í annað skipti sem listafólki Skapandi Sumarstarfa bauðst að sýna afrakstur sumarsins í Salnum en þau hafa verið í sérstöku samstarfi við Menningarhúsin í Kópavogi og hafa boðið upp á fjölbreytta viðburðadagskrá í allt sumar.

Dagskráin stóð yfir frá 19.30 - 22.00 en sýningin hófst á skemmtilegri dansupptöku með danshópnum Rólegan Æsing og lauk með ljúfum tónum sem hjómsveitin Amor Vincit Omnia flutti. Listamanna-



básam var komið fyrir í forsalnum þar sem gestir gátu skoðað bæklinga, myndlista- og myndbandsverk áður en gengið var inn

í sal. Meðal atriða sem komu fram voru brot úr leikritum, stuttmyndir, sketsar og tónlistaratriði.



NÝTT SORPHIRÐUDAGATAL

Frá og með 1. ágúst tekur gildi nýtt sorphirðudagatal hjá Kópavogsbæ.

NÁNARI UPPLÝSINGAR



Kópavogsbær

Bæjarmolar

Sumarfrístund hófst 12. ágúst



Sumardvöl frístar hófst 12. ágúst í ár 2024 fyrir verðandi nemendur í 1. bekk. Sumarfrístund er skipulögð í anda þeirrar stefnu að skapa bættu samfellu á milli skólastiga. Markmið sumarfrístarinnar er að stuðla að velliðan, öryggi og jákvæðri aðlögun nemenda, jafnt félagslega sem námslega að umhverfi grunnskólanna áður en formligt skólastarf hefst.

Gert er ráð fyrir að börn útskrifist úr sínum leikskóla fyrir sumarfrí og hefji aðlögun að næsta skólastigi í sumardvöl við sinn hverfisskóla. Sumardvölin er opin frá 8:00 að morgni til 16:00 síðdegis og geta foreldrar valið ólíkan dvalartíma yfir daginn. Tekið er á móti börnunum frá 8:00 til 9:00. Boðið er upp á heitan mat í hádeginu og hressingu fyrir og eftir hádegi.

Skólasetning hjá grunnskólum verður föstudag 23. ágúst en lokað er í frístarum á skólasetningardegi til að undirbúa vetrarstarfið.

Gert er ráð fyrir að börn útskrifist úr sínum leikskóla fyrir sumarfrí og hefji aðlögun að næsta skólastigi í sumardvöl við sinn hverfisskóla.

*Ekkert alkóhól.
Fullt af bragði.*



LA BIÈRE
FINE SANS ALCOOL



Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, opnaði sýninguna Hamskipti í Gerðarsafni

Sýningin Hamskipti var opnuð í Gerðarsafni sl. fimmtudag, en það var forseti Íslands Halla Tómasdóttir sem opnaði sýninguna. Á sýningunni er farið í gegnum hamskipti í listsköpun Gerðar Helgadóttur, en í gegnum ævi- starf sitt skapaði Gerður (1928-1975) verk sem endurspeglar þýðingarmiklar hugleiðingar um mannlega tilvist, form og efnivið. Á sýningunni má sjá margþætt og margslungin verk Gerðar sett í samhengi sem dregur fram lítil nán augnablik og ýtir undir tengingar á milli verka.

Fellur niður samfélagslega þröskulda og opnar safnið fyrir öllu fólki

„Það má glöggst sjá að í Gerðarsafni birtist sköpunargleði Gerðar í öflugri listrænu starfi og tengingu við samfélagið. Þar sem andi hennar birtist í þeirri viðleitni að fella niður samfélagslega þröskulda og opna safnið fyrir öllu fólki. Í safninu er lagt kapp við að bjóða allar raddir velkomnar, að skapa vettvang fyrir samræður, túlkun og tjáningu,” sagði forsetinn í ávarpi sínu.

„Það er gaman að segja frá því að frú forseti á rætur að rekja á Kársnesið og því er það okkur mjög kært að hún hafi á fyrstu dögum sínum í embætti séð sér fært að koma og fagna með okkar,” segir Vigdís Másdóttir, kynningar og markaðs- stjórnari Menningarhúsa Kópavogs.

Hér gefst öllum færi á njóta samveru og eiga sér samastað umvafin myndlist og náttúru

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs tók í sama streng er hún opnaði formlega skúlpúrgarðinn, en það er í raun verkefni sem Gerður hóf við heimili sitt í París en náði ekki að klára sökum veikindum. „Nú, í tilefni af 30 ára afmæli Gerðarsafns, höfum við stigið mikilvægt skref í að skapa nýtt almenningsrými, sem tengir starfsemi



Forseti Íslands opnaði sýninguna! F.v. Björn Skúlason, forsetaherra, Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi, Halla Tómasdóttir forseti Íslands, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri í Kópavogi og Brynja Sveinsdóttir forstöðumaður Gerðarsafns. Meðfylgjandi eru myndir sem Leifur Wilberg Orrason tók við opnun sýningarinnar.

safnsins út fyrir hússins dyr. Hér stöndum við í skúlpúrgarði með verkum Gerðar Helgadóttur, sem verður að samkomustað fyrir íbúa Kópavogs sem og alla gesti svæðisins. Hér gefst öllum færi á njóta samveru og eiga sér samastað umvafin myndlist og náttúru,” sagði Ásdís í ávarpi sínu, en skúlpúrgarðurinn er staðsettur vestanmegin við safnið. „Garðurinn ber þess vitni um þá stanslausu þróun sem menningarlíf í Kópavogi ber merki um og hér gefst öllum tækifæri á að njóta samveru umvafin myndlist og náttúru,” bætti Ásdís við.

Að tilefni afmælisins var bókinn Leitað í tómið gefin út en hún fylgir listakonunni í hringiðu móðernismans í París, skoðar tengingar hennar við aðra listamenn og veltir upp stöðu hennar í samtíma sínum. Ritíð er safn fræðigreina sem setja fram nýjar nálganir á listsköpun Gerðar Helgadóttur. Höfundar greina eru Dr. Benedikt Hjartarson prófessor í almennri bókmenntafræði og menningarfræði við Háskóla Íslands, Brynja Sveinsdóttir forstöðumaður Gerðarsafns, Cecilie C.




Gaiheide verkefnastjóri safneignar og rannsóknar hjá Gerðarsafni, Dr. Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir list- og sagnfræðingur, Hallgerður Hallgrímsdóttir myndlistarmaður og Æsa Sigurjónsdóttir prófessor í listfræði við Háskóla Íslands.

Sýning teygir sig upp, niður, inn og út með skúlpúrin sem þungamiðju

Ritíð kom út á afmælishátíðinni sl. fimmtudag og ritstjóri bókarinnar er Cecilie

Gaiheide, en hún er einnig sýningarstjóri Hamskipta og í ávarpi sínu minnir hún á mikilvægi að skrásetja. „Sýning teygir sig upp, niður, inn og út með skúlpúrin sem þungamiðju leiðir sýningin ykkur í gegnum þá einstöku vegferð sem listsköpun Gerðar er, og sýnir fram á mikilvægi hennar í íslenskrri og alþjóðlegri samhengi. Það er



mikilvægi sem felst í því að festa þekkingu, rita það á blað. Samhliða sýningunni hef ég unnið að útgáfu. Bókinn Leitað í tómið er búið að vera ævintýralegt ferðalag. Kafað á dýptina og ofan í dulúðina. Það hefur verið lán að leita í fræðiheim öflugra fræðimanna sem hafa lagt sitt á mörkum til að opna heim Gerðar,” sagði Cecilie.

Þakklátar og glaðar með stuðning Kópavogsbæjar

Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi og Brynja Sveinsdóttir forstöðumaður Gerðarsafns voru þakklátar og glaðar með þann stuðning sem Kópavogsbær hefur sýnt í verki með því að setja menningarmálin í þann farveg sem hann er í dag. „Það er mikill skilningur á gildi menningar og virði þess að styðja við framþróun, nýsköpun og inngilding. Við tökum hlutverki okkar alvarlega og kappkostum að auka aðgengi að listum og menningu,” sögðu þær stóllur.

Í haust mun Gerðarsafn bjóða upp m.a. sýningarstjóraspjal og málþing um Gerði Helgadóttir. „Við hvetjum ykkur öll til þess að fylgjast með á miðlum okkar,” sagði Vigdís að lokum sem lofar spennandi tímum í menningarlífi Kópavogsbúa.

Ljósmyndari er Leifur Wilberg Orrason.





Leikmenn þurfa að minna sig á að þetta er bara fótoltaleikur og það er mikilvægt að tapa sér ekki í stressi

- segir Ásta Eir Árnadóttir fyrirliði Breiðabliks sem mætir Val í úrslitaleik Mjólkurbikarsins á morgun, föstudag á Laugardalsvelli, en þetta er fjórði bikarúrslitaleikur Breiðabliks í röð

Kvinnalið Breiðabliks í knattspyrnu er mikið bikarlið, en liðið er að fara í sinn fjórða bikarúrslitaleik á síðustu fjórum árum er liðið mætir Íslandsmeisturum Vals á Laugardalsvelli á morgun, föstudaginn 16. ágúst kl. 19:15.

Blikarnir þurfa þó aðeins að girða sig í brók og fara að snúa úrslitaleikjunum sér í hag því þær hafa tapað síðustu tveimur leikjum á móti Víkingi (2023) og Val (2022), en liðið sigraði Þrótt þó sannfærandi 4-0 árið 2021 auk þess sem þær voru komnar í undanúrslit árið 2020 er keppnin var flautuð af vegna Covid.

Lyfta þær bikarnum í fjórtánda sinn

Breiðablik er næst sigursælasta liðið í Mjólkurbikarnum, en það hefur hampað titlinum 13 sinnum og geta með sigri á morgun orðið sigursælasta lið bikarkeppninnar ásamt Val, andstæðinganna á morgun, en bæði lið hafa þá lyft bikarnum fjórtán sinnum.

Ásamt því að Breiðablik og Valur séu komin í sjálfan úrslitaleikinn þá eru liðin einnig að takast á um Íslandsmeistaratiðinn þar sem Valur er þremur stigum á undan Blikum það er því ljóst að framundan er æsispennandi leikur þar sem bæði lið munu leggja allt í sölu til að landa Mjólkurbikarnum.

Kópavogspósturinn hleraði fyrirliða Breiðabliks, Ástu Eir Árnadóttur og spurði hana hvort Blikastelpurnar væru ekki vel stemmdar fyrir leikinn, en þetta er tíundi leikurinn sem Breiðablik og Valur mætast í úrslitaleiki bikarkeppninnar, sem var fyrst haldin árið 1981.

Hvernig koma Blikastelpur stemmdar í þennan leik – mikil eftirvænting fyrir leiknum? „Við komum vel stemmdar í leikinn eftir góða frammistöðu í síðasta leik. Mikil tilhlökkun í hópnum að fara aftur á Laugardalsvöllinn,” segir Ásta Eir, en Breiðablik vann Þór/KA sannfærandi 4-2 sl. sunnudag og er nú bara einu stigi á eftir Val í Bestu deildinni.

Hefðbundin æfingavika

Hafið þið undirbúið ykkur eitthvað sérstaklega fyrir þennan stórleik á móti Val eða hefur vikan verið hefðbundin? „Við tökum hefðbundna æfingaviku núna fram að leiknum. Það er oft fínt að vera ekki að breyta mikið til, þetta er bara annar fótoltaleikur.”



Systur með Mjólkurbikarinn! Kristín Dís og Ásta Eir með Mjólkurbikarinn sem Breiðablik vann árið 2021 eftir sigur á Þrótti. Kristín Dís fór í atvinnmennsku árið eftir og tók því ekki þátt í síðustu tveimur úrslitaleikjum Breiðabliks í Mjólkurbikarnum, en er mætt að nýju og spurning hvort þær systur geti hjálpað Breiðablik til að vinna sinn fjórtánda bikarkeppnatitil á morgun er liðið mætir Val á Laugardalsvelli kl. 19:15

Og það er varla hægt að segja að þá vanta bikarreyngsluna í leikmannahópinn enda er þetta fjórði úrslitaleikurinn ykkar í röð í Mjólkurbikarnum – má ekki segja að þið séuð orðnar nokkuð sjóðar þegar kemur að bikarúrslitaleikjum? „Jú, eða svona bæði og bara,” segir hún brosandí.

Eru með öflugan hóp þrátt fyrir forföll

Þið hafið misst þrjú sterka pósta úr leikmannahópnum á síðustu vikum, Öglu Mariu, Ölöfu Sigríði og Áslaugu Mundu. Hvernig er staðan á hópnum og hefur þessi missir haft mikil áhrif á leik liðsins? „Já, það er rétt, það var mikið högg að missa þessa leikmenn, enda allir frábærir. En sem betur fer erum við með mjög öflugan hóp og það kemur alltaf maður í manns stað.”

Hefur gengið vel að verja markið

Nú hefur varnarleikurinn ykkar verið góður í sumar og þið aðeins fengið á ykkur 7 mörk í 16 leikjum, langfæst allra liða í deildinni. Hefur spilamennska ykkar í sumar snúist mikið um öflugan varnarleik fyrst og fremst og verður svo í úrslitaleiknum á morgun? „Það hefur gengið vel að verja markið okkar og það byrjar allt frá fremstu mönnum.

Við erum að verjast vel sem lið, en spilamennskan í sumar hefur ekkert endilega snúist um það. Meira að þekkja inná hvor aðra og þekkja leikkerfin vel. Ef það gengur vel þá náum við oftast í góð úrslit.”

Og það hlýtur að styrkja ykkur enn frekar að systir þín, Kristín Dís er mætt heim að nýju úr atvinnmennsku – gott að fá hana til baka? „Já, ekki spurning. Mjög gott að fá Kristínu heim og hún er frábær leikmaður og mun reynast okkur vel í framhaldinu.”

Eru einhverjir aðrir þættir en þeir sem gerist á fótoltavellinum sem skipta máli í undibúningi fyrir svona stóran leik? „Já klárlega, eðlilega getur komið stress fyrir svona stóra leiki, en leikmenn þurfa að minna sig á að þetta er bara fótoltaleikur og það er mikilvægt að tapa sér ekki í stressi.”

Bæði lið öflug varnarlega og með skapandi leikmenn fram á við

Þið hafið leikið tvívegis við Val í sumar, unnuð heima 2-1, en töpuðu fyrir tveimur vikum að Hlíðarenda, 1-0. Eru þetta mjög áþekkt lið hvað styrkleika varðar og spila þau svipaðan leik? „Já, það eru tvö virkilega góð lið að mætast. Bæði lið hunguð í að vinna og þetta eru alltaf spennandi leikir. Bæði lið öflug varnarlega og með skapandi leikmenn fram á við.”

arlega og með skapandi leikmenn fram á við.”

Áttu von að þetta verði frekar lokaður og varfærinn leikur á morgun enda mikið undir? „Erfitt að segja til um það, en það kæmi mér ekkert á óvart að þetta yrði frekar lokaður leikur. Vonandi verður þetta samt sem áður góð skemmtun.”

Kominn tími á titil

Hvaða þýðingu mun sigur í Mjólkurbikarnum hafa fyrir Breiðablik og upp á framhaldið í deildinni þar sem þið eruð að berjast um Íslandsmeistaratiðinn við Val? „Að vinna Mjólkurbikarinn væri auðvitað frábært fyrir okkur sem lið, höfum ekki unnið titil í smá tíma og það er kominn tími á það. Það myndi gefa okkur gott veganesti inn í restina af tímabilinu.”

Stuðningurinn úr stúkunni er okkur gríðarlega mikilvægur

Og eins og ávallt skiptir stuðningur Blika og Kópavogsbúa miklu máli – gott að finna fyrir stuðningi úr stúkunni? „Ekki spurning. Mig langar bara að hvetja alla Kópavogsbúa að mæta og horfa á tvö bestu lið landsins berjast um titil. Stuðningurinn úr stúkunni er okkur gríðarlega mikilvægur og ég vona að sem flestir mæti.”

Gott að vera í vinnunni á leikdegi

Svona að lokum, ert þú með einhverjar sérstakar hefðir fyrir leiki, hverjar þá og hvernig verður föstudagurinn hjá fyrirliðanum frá því að hann vaknar á föstudagsmorgni? „Bara eins og hver annar leikdagur! Ég passa uppá að næra mig vel yfir daginn og mun svo vinna eitthvað líka, gott að vera í vinnunni þar sem hausinn er ekki bara á leiknum sjálfum. Svo mæti ég í leikinn og verð tilbúinn í slaginn,” segir fyrirliðinn sem ítrekar að stuðningur úr stúkunni skiptir miklu máli.

Breiðablik og bikarkeppnin

Breiðablik hefur leikið 21 bikarúrslitaleik frá 1981, unnið 13 og tapað 8. Í þessum 21 leik þá hafa þær níu sinnum mætt Val, sigrað fjóra en tapað fimm.

Tvívegis hefur leikurinn farið í vitakeppni á milli Breiðabliks og Vals. Blikarnir sigruðu í vító, 7-6 árið 1982 en töpuðu 1-4 árið 2006. Árið 2009 fór leikurinn í framlengingu á milli liðanna en Valur kláraði þá leikinn í framlengingu 5-1 eftir að staðan var 1-1 eftir venjulegan leiktíma.

Það er nokkuð magnað að af samtals 43 úrslitaleikjum í bikarkeppni kvenna þá eru aðeins átta úrslitaleikir sem hafa farið fram án þess að hvorki Breiðablik né Valur séu í honum. Annað hvort Valur eða Breiðablik eða bæði hafa því verið þátttakandi í 36 bikarúrslitaleikjum af 44 með leiknum á morgun.

Bikarúrslitaleikir Breiðabliks (21 þar af 13 sigrar og 8 töt)

- 2023 Breiðablik - Víkingur 1-3
- 2022 Breiðablik - Valur 1-2
- 2021 Breiðablik - Þróttur R. 4-0
- 2018 Stjarnan - Breiðablik 1-2
- 2016 Breiðablik - ÍBV 3-1
- 2013 Breiðablik - Þór/KA 2-1
- 2009 Valur - Breiðablik 1-1, 5-1
- 2006 Breiðablik - Valur 3-3, 3-3, 1-4 Víti
- 2005 Breiðablik - KR 4-1
- 2001 Valur - Breiðablik 2-0
- 2000 Breiðablik - KR 1-0
- 1999 KR - Breiðablik 3-1
- 1998 Breiðablik - KR 3-2
- 1997 Breiðablik - Valur 2-1
- 1996 Breiðablik - Valur 3-0
- 1994 Breiðablik - KR 1-0
- 1992 ÍA - Breiðablik 3-2
- 1986 Valur - Breiðablik 2-0
- 1983 Breiðablik - ÍA 3-1
- 1982 Breiðablik - Valur 1-1, 7-6 Víti
- 1981 Breiðablik - Valur 4-0



KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000



Vefsíða Kópavogspóstisins kpg.is

Fylgdu okkur á: [Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)
[Twitter.com/Kopavogspostur](https://twitter.com/Kopavogspostur) eða [Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)

Heitavatnslaust

í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi,
Breiðholti og Norðlingaholti

frá kvöldi **19. ágúst** til hádegis **21. ágúst**

Klukkan 22, mánudagskvöldið 19. ágúst verður heitavatnslaust í suðurhluta höfuðborgarsvæðisins meðan ný stofnlögn verður tengd til að auka flutningsgetu kerfisins í stækkandi samfélagi. **Vatnið kemur aftur á miðvikudaginn 21. ágúst klukkan 12.**

Nánari upplýsingar er að finna á veitur.is.



Áfram Breiðablik, bikarinn heim í Kópavoginn



Brynjar og Siggi tóku draumahöggið á 11. holu á Leirdalsvelli



Brynjar sáttur eftir að hafa farið holu í höggi.

Nýlega fór tveir félagar í GKG, þeir Brynjar og Siggi holu í höggi á 11. holu á Leirdalsvelli og voru nokkuð sáttir en þeir eru þó alls ekki óvanir að fara holu í höggi.

Brynjar Sverrisson náði draumahögginu í Liðakeppni GKG á 11. holu í leik Ólsen og Ginks á dögnum. Boltinn lenti fremst á flötinni og tók sirka 6-7 metra rúll í holuna.

Þá náði Siggi smiður draumahögginu einnig á 11. holu á Leirdalsvelli í síðustu viku. Í grenjandi rigningu mundaði hann áttuna sem flaug hátt og lenti 4 metra fyrir framan pinna og rúllaði í miðja holu.



Siggi smiður fór holu í höggi í síðustu viku, en hann er orðinn nokkuð vanur því eins og Brynjar



Næmt er smiðsauga Sigga því þetta var fjórða skiptið sem hann fer holu í höggi. Sömu sögu er að segja af Brynjari sem var að fara holu í höggi í fjórða sinn. Hver er galdurinn? Um að gera að spyrja Sigga og Brynjar.

eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2023

Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndaryrirtæki
í rekstri
Væðingarástæða

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!



EIGNAumsjón
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Lýðheilsustofnun allrar fjölskyldunnar.
Vetur, sumar, vor og haust.



GKG • Vífilsstaðavegi, 210 Garðabæ • Sími 570 7373 • www.gkg.is

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

Tónsalir að hefja sitt tuttugusta starfsár

Tónsalir, tónlistarskóli í Ögurhvarfi hefur notið mikilla vinsælda í gegnum árin enda námið fjölbreytt og faglegt

„Tónsalir tónlistarskóli heldur núna í haust af stað með sitt tuttugusta starfsár. Skólinn hefur því lokið unglingsárum sínum og stefnir núna inn í fullorðinsár, því orðin bara nokkuð virðulegur og ráðsettur ef svo mætti að orði komast,” segir Ólafur Þór Kristjánsson skólastjóri í Tónsolum.

Tónsalir er einkarekinn skóli sem var stofnaður árið 2005 og hefur hann notið mikilla vinsælda enda námið fjölbreytt og faglegt. Í skólanum er kennt eftir rytmískri námskrá, en rytmísk tónlist er safnheiti yfir djass, rokk, blús og aðrar tónlistartegundir sem teljast ekki til klassískrar tónlistar.

Ólafur segir að í skólanum sé boðið upp á einstaklingsbundið nám á gítar, píanó, rafbassa, trommur og söng sem rúmar mismunandi óskir og áherslur nemenda hverju sinni. Þar að auki eru kennt bókleg fög á borð við tónfræði, tónheyrn og hljómfæði og þar að auki samspil sem er kjarninn í kennslu rytmískrar tónlistar.

Skólinn er nú á sínu tuttugusta starfsári og fróðlegt að vita hvort það hafi orðið breytingar á vinsældum hljóðfæra á þessum tíma? „Í raun ekki og því litlar breytingar á milli ára hvað varðar vinsældir hljóðfæra. Það er í raun alltaf það sama, gítarinn er alltaf vinsælastur. Það er líklega vegna þess að það hljóðfæri er hentugt til að byrja á, tiltölulega ódýrt er að kaupa gítar miðað við önnur hljóðfæri og nokkuð aðgengilegt. Píanónám er einnig alltaf jafnvinsælt hjá okkur. Þar fyrir utan erum við með trommunám, rafbassanám og söngnám. Okkar metnaður liggur síðan í því að bæta og þróa



Skólastjórinn, Ólafur Þór Kristjánsson segir Tónsali nú stefna í átt að fullorðinsárum, en tuttugusta starfsár skólans er að hefjast í haust

það nám sem við erum með hér í skólanum, við viljum vera í fararbroddi þeirra skóla á landinu sem sinna rytmískri tónlistarkennslu,” segir hann.

Ólafur segir að úrvalslíð kennara starfi við Tónsali og er mikill metnaður lagður í skólafarfið sem endurspeglast í því að mikil eftirspurn er í nám við Tónsali. Starfsfólk skólans er spennt að hefjast hand á nýju starfsári með krafti, metnaði og sköpunargleði að leiðarljósi.

Hendrix áhrifavaldur Hvers vegna ákvaðst þú að stofna tónlistarskóla í bænum? „Saga stofnunar skólans má rekja aftur til 2003 þegar ég var í námi í viðskiptafræði í Háskóla Íslands. Á þeim tíma sótti sonur minn gítarnámskeið hjá tónlistarskóla í Reykjavík. Sjálfur bjó ég þá í Lindahverfinu og í einum af göngutúrum um hverfið fór ég að

hugsa um möguleikann á því að stofna tónlistarskóla í hverfinu. Sá autt húsnæði og hugsaði um alla biðlistana sem voru í tónlistarskólum á þeim tíma. Það var nánast vonlaust að komast að fyrr en eftir 3-4 ár á biðlista. Þar að auki fannst mér tónlistarkennsla hafa staðnað. Þá var í raun ekki í boði að komast að í rytmísk tónlistarnám, enda ekki til nein námskrá í rytmískri tónlist. Sjálfur hafði ég farið 9-10 ára í tónlistarskóla til þess að læra á gítar. Sá fyrir mér að geta spilað eins og Hendrix eða aðrir álíka gaurar. Þá var ekkert í boði annað enn að læra klassísk gítarspil, allt annað var bara bannað. Á þessum tíma í námi mínu í Háskólanum tók ég kúrs í fagi sem heitir Viðskiptahugmyndir. Þar kom ég með þessa hugmynd og ásamt samnemendum mínum bjuggum við til viðskiptaáætlun fyrir svona skóla. Við gengum síðan á fund Sigurðar Geirdal og Gunnars Birgissonar sem héldu um stjórnar

tauma í bænum á þeim tíma og viðruðum þessa hugmynd sem þeim leist vel á. Það fór svo að þessi viðskiptaáætlun fékk verðlaun í viðskiptahugmyndasamkeppni sem fram fór á vegum Viðskiptafræðideildarinnar og Landsbankans. Á svipuðum tíma auglýsti Kópavogur eftir aðilum til að taka að sér rekstur á tónlistarskóla í þá mjög ört stækkandi bæjarfélagi. Ég lagði inn umsókn. Á þeim tíma gerðist svo það að Sigurður Geirdal féll frá sem varð til þess að umsóknarferlið tafðist töluvert, en að lokum varð umsókn mín fyrir valinu og þar með fór ég að vinna að því að koma skólanum af stað,” segir Ólafur og heldur áfram: „Fyrstu nemendurnir hófu hér nám haustið 2005. Þá vorum við einungs með

rytmískri tónlistarkennslu fyrir byrjendur. Það sannaðist nánast strax og við byrjuðum, að svona starfsemi ætti fullan rétt á sér þar sem aðrir tónlistarskólar hófu fljótlega að breyta sínum kennsluháttum þannig að rytmísk tónlist var kennd, sem var auðvitað bara eðlileg þróun. Í dag eru flestir skólar með rytmíska kennslu innan sinna veggja. Skólar almennt þurfa að vera lifandi stofnanir sem fylgja tíðarandanum eftir hverju sinni, það á ekkert bara við um tónlistarskóla heldur alla kennslu,” segir Ólafur.

Ólafur segir að lokum að markmið skólans sé að vera eftirsóknarverður fyrir nemendur til að stunda nám í honum og



3 stöðugildi en þau eru töluvert fleiri í dag. Ég held að það megi þakka þeim Sigurði, Gunnari ásamt Birni Þorsteinsyni sem hafði umsjón með þessum málaflökki á þessum tíma, fyrir framsýni því eins og fyrr segir var þetta einn allra fyrsti tónlistarskólinn á landinu sem eingöngu sinnti

að skólinn verði einnig eftirsóttur vinnustaður fyrir kennara. Skólinn leggur áherslu á að tónlistarnámið eigi að vera fjölbreytt og skemmtilegt.

Hægt er að fylgjast með skólafarfinu á heimasíðu skólans www.tonsalir.is


[comfort zone] conscious skin science

SUN SOUL

SKIN AND OCEAN CONSCIOUS

VERNDAÐU HÚÐINA GEGN SKAÐLEGUM GEISLUM SÓLAR MEÐ SÓLARVÖRUNUM FRÁ COMFORT ZONE

Qualified B VEGAN



www.bpro.is FB: /comfortzoneiceland IG: @comfortzoneiceland

Breiðablik Gothia Cup meistarar



Gothia Cup meistarar í 4. flokki! Efri röð frá vinstri: Hörður Ingi Harðarson, Andrea Marý Torfadóttir, Freyja María Sveinbjörnsdóttir, Rebekka Briet Ragnarsdóttir, Kristín Edda Hlynisdóttir, Hrafnhildur Ýr Guðmundsdóttir, Sigurlína María Einarsdóttir, Elma Björk Jacobsen Helgadóttir, Margrét Ólóf Símonardóttir, Katrín Þóra Sveinsdóttir, Elís Maron Hannesson. Miðröð frá vinstri: Emma Stefánía Ernisdóttir, Sóley Birta Snorradóttir, Unnur Birna Önnudóttir, Elísabet María Júlíusdóttir, Karen Erla Atladóttir, Bryndís Anna Höskuldsdóttir, Freydis Björg Símonardóttir, Neðta röð: Sara Margrét Jónasdóttir, Silja Sævarsdóttir, markverðir

Breiðablik státar nú af því að eiga Gothia Cup meistara eftir að 2010 stelpur í Breiðablik 1, 4fl. kvk, urðu Gothia Cup B meistarar 2024.

Þæði stelpnaíð Breiðabliks lentu í mjög sterkum riðlum, m.a. með akademíulíðum. Stelpurnar í Breiðablik1 töpuðu aðeins einum leik á öllu mótinu, gegn Hammarby sem vann svo A keppni mótsins. Stelp-

urnar kepptu við lið frá ýmsum löndum, s.s. Svíþjóð, Bandaríkjunum, Austurríki og Sameinuðu arabísku furstadæmum og sigruðu að lokum þýska liðið KfV Segeberg í úrslitaleik sem þær unnu 2-0.

Að þessu sinni kepptu 80 lið frá 15 löndum í þessum aldursflokki á mótinu og frammistaða og árangur stelpnanna því algjörlega frábær.

Vefsíða Kópavogspóstisins www.kgp.is
[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)
[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)



**HAFID**
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

**Grillvörur Hafsins eru
komnar í verslanir okkar**

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Kæru Kópavogsbúar,

Þökkum fyrir ánægjulegt samstarf sl. 22 ár.

Þökkum starfsfólki þjónustumiðstöðvar
Kópavogs kærlega fyrir samstarfið.

Óskum nýjum þjónustuaðila velfarnaðar.

P.s. Vignir, takk fyrir allt!

